Mánudaginn 9. október 1995.

Nr. 196/1995. **Flugfélagið Óðinn hf.**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Elsu Pétursdóttur
(Magnús Guðlaugsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Með bréfi stefndu 6. júní 1995 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefndu verði hafnað.

Rök stefndu eru þau, að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda 8. júní 1995, eins og fram komi í meðfylgjandi bréfi frá embætti sýslumannsins í Reykjavík 13. júní 1995. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Reisir stefnda kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefndu mótmælt með þeim rökum, að við fjárnámið hafi mætt Jytte M. Jónsson, sem sitji í stjórn áfrýjanda, og hafi hún bent á tvær flugvélar í eigu félagsins, að verðmæti um það bil 30.000.000 króna. Gerðarbeiðandi hafi mótmælt ábendingunni sem ófullnægjandi og fulltrúi sýslumanns fallist á mótmælin. Þar sem ekki var bent á aðrar eignir, hafi gerðinni lokið án árangurs. Áfrýjandi eigi varahlutalager, sem metinn sé á um það bil 9.000.000 króna, og hefði mátt benda á hann við fjárnámið, en umrædd fjárnámskrafa hafi nú verið gerð upp. Áfrýjandi sé því vel fær um greiðslu málskostnaðar, ef til þess komi.

Gegn mótmælum áfrýjanda hefur stefnda ekki leitt nægar líkur að því, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Ber því að hafna kröfu stefndu.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefndu, Elsu Pétursdóttur, um málskostnaðartryggingu er hafnað.